



Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti
b.t. Jennýjar Steinarsdóttur
Síðumúla 24
108 Reykjavík

Reykjavík 14. nóvember 2024

2410022SA APS
Málalykill: 00.61

Efni: Tilnefning í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks

Vísað er til erindis frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, dags. 17. október sl., tilv. FRN24100116, þar sem óskað er eftir að Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni tvo fulltrúa í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks 2024-2028.


Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir Grétu Sjöfn Guðmundsdóttur, félagsmálastjóra á fjölskyldusviði Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Valgerði Jónsdóttur, sérfræðing hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar til setu í nefndinni. Ástæða þessa að þær eru tvær tilnefndar er sérþekking þeirra á málaflokknum sem og þær kröfur sem gerðar eru um fulltrúa úr hópi notenda.

Gert er ráð fyrir að þeir fulltrúar sem tilnefndir eru í nefndir, ráð og stjórnir af hálfu Sambandsins vinni á grundvelli stefnumörkunar þess sem er á heimasíðunni www.samband.is og hagi störfum sínum í samræmi við hana eins og við getur átt.

Samfara tilnefningu þessari er gengið út frá því að Sambandið muni engan kostnað bera af fulltrúa sínum í nefndinni auk þess sem Sambandið telur eðlilegt að þóknun verði greidd fyrir störf í nefndinni. Það er að auki forsenda fyrir þátttöku fulltrúa Sambandsins að ráðuneytið greiði allan ferðakostnað fulltrúa Sambandsins vegna starfa fyrir nefndina.

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Arnar Þór Sævarsson
framkvæmdastjóri